

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar vegna Ráðagerðis.

Skipulagsstofnun staðfesti 4. júní 2021 breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. maí 2021.

Í breytingunni felst að 0,5 ha af íbúðarsvæði ÍB-10 er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Um er að ræða eina lóð þar sem húsið Ráðagerði stendur en þar er heimilaður veitingarekstur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. júní 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2021